

## G J A L D S K R Á

### fyrir Vatnsveitu Bíldudals.

#### Árlegur vatnsskattur.

##### 1. gr.

Af fasteignamatsverði húsa skal greiða árlegan vatnsskatt 0.44%. Lágmark 16.00 krónur pr. m<sup>3</sup> fyrir íbúðarhús og 11.00 krónur fyrir önnur hús. Hámark 20.00 krónur pr. m<sup>3</sup>. Vatnsskattur skal aldrei vera lægri en kr. 2400.00 á ári.

#### Aukavatnsskattur.

##### 2. gr.

Sé vatn notað til annars en heimilisnotkunar, skal vatn selt eftir mæli kr. 4.00 pr. m<sup>3</sup> vatns, en sé vatn ekki selt eftir mæli skal greiða af fasteignamatsverði húsa árlegan vatnsskatt 1.2%.

#### Vatnssala samkvæmt uppsettum mæli.

##### 3. gr.

Fyrir hvern rúmmetra vatns skal greiða 4.00 krónur.

#### Vatnssala til skipa.

##### 4. gr.

Fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 40.00, lágmark kr. 500.00. Sé vatn afgreitt í nætur- eða helgidagavinnu skal greidd sérstök þóknun, miðað við tímakaup.

#### Tengigjöld.

##### 5. gr.

Tengigjald skal greitt eftir fasteignamatsverði, 13.50 kr. pr. m<sup>3</sup> að 2000 m<sup>3</sup>, en síðan 9.00 kr. pr. m<sup>3</sup>.

#### Endurofnun heimæða.

##### 6. gr.

Gjald fyrir endurofnun heimæða skal vera minnst kr. 1000.00, og aldrei lægra en útlagður sannanlegur kostnaður.

Heimilt er hreppsnefnd að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1975.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Guðmundur Karl Jónsson.*